

Fundur hjá foreldrafélagi Hofsstaðaskóla

Stjórnarfundur í foreldrafélagi Hofsstaðaskóla 15. september. Mætt á fundinn: Þorgeir, Inga, Guðrún

Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 6. október og fulltrúaráðsfundur með bekkjarfulltrúum miðvikudaginn 7. október kl.18-19.

Aðgerðalisti:

- Þorgeir fái fleiri tilboð í myndatökur sem haldin verður í október
- Þorgeir-Guðrún auglýsi eftir fleiri í stjórn á fulltrúaráðsfundi, og jafnvel með tölvupósti
- Guðrún-Þorgeir uppkast að bréfi til foreldra vegna gjaldtöku á næsta stjórnarfundum
- Guðrún fái listi yfir foreldra vegna greiðslna
- Inga ræðir við bankana vegna seðlagjalds
- Guðrún ræðir fjölgreindarleika og öskudag við Margréti og Iðunni og fái upplýsingar um aðkomu foreldrafélagsins
- Guðrún athugi með að birta nafnalista bekkjarfulltrúa á heimasíðu
- Guðrún athugi með laufabrauðsbakara
- Þorgeir athugi jólasveina
- Inga komi með tillögur að jólaskemmtunargjöf
- ALLIR kíkji í hádegismat einhvern tímann á næstu 2 vikum

Dagskrá fundar og fundargerð:

1) Innheimta gjalds í foreldrafélagið sem samþykkt var á síðasta aðalfundi - Inga
1000 gjald í október per fjölskyldu, valfrjálst. Bréf fari út a.m.k viku fyrr, tala við banka varðandi niðurfellingu seðilgjalda.

2) Myndatökur í haust - Þorgeir
Ákveðið að fá fleiri tilboð. Stefna að myndtöku í október.

3) Bekkjarfulltrúar, starf og fulltrúaráðsfundur
Stefna á fulltrúaráðsfund í byrjun október. Guðrún, Þorgeir, Helga og ræða við Iðunni mæta f.h. foreldrafélags.

4) Drög að starfsáætlun foreldrafélagsins 2009-2010 (Sjá lista að neðan)
Dagskráin sett fram og dagsetningar ákveðnar. Tvö atriði af lista fyrra árs ekki ljós, aðkoma foreldrafélagsins að fjölgreindarleikjauppskeruhátíð, og öskudegi.
Rætt var um undirbúningsatriði sem huga þarf að strax, eins og jólasveinabókun og laufabrauðsbakara sem taka við vöruskilum.

5) Annað.
Rætt var um matarmál, og ákveðið að styðja við nýsent bréf skólastjóra með heimsóknum af foreldrastjórnarmeðlimum í hádeginu. Þorgeir fór í síðustu viku, ætlar aftur á föstudag, Inga og Guðrún munu kíkja í næstu viku, aðrir hvattir til að kynna sér matarmálin upp á eigin spýtur.